

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Forstöðumaður:
Hildur Friðriksdóttir

Eirbergi, Eiríksögðu 34
101 Reykjavík
Sími: 525-5280
Fax: 525-4963
Netfang: rsh@hi.is

Ritstjóri Rannsóknafréttar: Hildur Friðriksdóttir
Hafðu samband ef þú vilt gerast áskrifandi.

Í stjórn RSH sitja:
Erla Kolbrún Svavarsdóttir formaður
Helga Bragadóttir
Lilja Stefánsdóttir
Helga Gottfreðsdóttir

www.rsh.hi.is

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði heyrir undir hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Stofnunin er sjálfstæð með eigin reglur og sérstaka stjórn. Rekstrarfé hennar kemur frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúsi. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að styðja við og efsla rannsóknir kennara við hjúkrunarfræðideild og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala, m.a. með því að bygja upp tækjabúnað, hugbúnað, gagnabanka og önnur mikilvæg tæki til rannsókna.

Árið 2007 var stofnaður **Rannsóknasjóður Ingi-bjargar R. Magnúsdóttur**, sem ætlað er að styrkja hjúkrunarfræðinga og ljósmæður til doktorsnáms. Ábuga-samir geta styrkt sjóðinn með ýmsu móti t.d. með frjálsum framlögum, sent minningar- eða tækifæriskort o.fl. Hægt er að hafa samband við stofnunina í síma eða gegnum heimasíðu. Fjárhæðir má leggja inn á eftirfarandi banka-reikning hjá Glitni: 0513-26-004057. Kennitala styrktar-sjóða HÍ er 571292-3199.

Heimsóknir og fyrirlestrar erlendra gesta vorið 2008

18. febrúar. Fyrirlestur: Jane Sandall. *Understanding how and why continuity is important for childbearing women and babies: theoretical development, modelling and piloting for a complex intervention study.*

Sandall er prófessor við King's College í London og hefur starfað sem ljósmóðir í Bretlandi og Malavíu. Hún stundar nú fjölda rannsókna tengdum meðgöngu og fæðingum. Rannsóknir hennar, sem eiga sér bakgrunn í félagsfræði, hafa m.a. verið styrktar af ESRC/MRC Innovative Health Technologies Programme, Department of Health, NCCS-DO, Wellcome Trust.

13. mars. Fyrirlestur dr. Lorraine Wright (Re)Embracing

Suffering: One path for Spiritual Healing

Wright er eftirsóttur fyrirlesari víða um heim og hefur flutt yfir 300 fyrirlestra, m.a. um heilsufar í fjölskyldum, fjölskyldu-meðferð og um andlega ástundun tengda þjáningum og veikindum. Hún er einnig höfundur fjölda bóka og var forgöngumaður þess að stofnuð var rannsókn- og meðferðarstöð í fjölskyldu-hjúkrun við hjúkrunarfræðideild University of Calgary í Kanada og var hún forstöðumaður hennar í tvo ára-tugi

4. apríl. Vinnusmiðja. Vivien E. Coates. *Planning a good Randomized Control Trial: Practical issues.*

Coates er prófessor við

Háskólann í Ulster í Írlandi og aðstoðar forstöðumaður Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði við sama háskóla þar sem hún hefur einnig rannsóknarstöðu. Hún er mjög framarlega á sínu fræðasviði og hefur mikla reynslu af því að þróa meðferðar-rannsóknir með tilraunasniði (RTC) á insúlínháðri sykursýki. Hún hefur einnig þróað og sinnt sérhæfðri kennslu á þessu sviði.



Skilafrestur á útdráttum á 9. ráðstefnu um fjölskyldu-rannsóknir, sem haldin verður 2.-5. júní 2009 í Reykjavík, er 15. desember. 2008. www.ifnc2009.com

Rannsóknafréttir

3. árgangur, 1. tölublað

14. febrúar 2008

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Reglur um stofnun rannsóknastofna innan RSH hjóta samþykki

Stjórn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði hefur samþykkt starfsreglur fyrir faglega sjálfstæðar rannsóknastofur samkvæmt reglum Háskóla Íslands þar að lútandi, að fenginni heimild deildarfundar.

Hugmyndin með faglegum sjálfstæðum stofum er meðal annars að auka þverfaglegt samstarf meðal kennara hjúkrunarfræðideildar sem og að auka samstarf RSH við einstaklinga og stofnanir innan sem utan HÍ og Landspítala.

Hlutverk hvernar stofu er að vera vettvangur rannsókna og rannsóknasamstarfs á fag-sviðinu, að sækja um styrki til rannsókna á fagsviði stofnunar, að styðja við þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og að veita ungum vísindamönnum tækifæri til

rannsóknarstarfa eftir því sem kostur er.

RSH samþykkir stjórn hvernar stofu samkvæmt tillögum sem umsækjendur um stofnun stofanna leggja fram. Stjórn rannsóknastofu er skipuð til tveggja ára í senn.

Stjórn hvernar stofu skipa þrjár fulltrúar; einn frá hjúkrunarfræðideild HÍ, sem jafnframt er stofustjóri og tveir aðrir sérfræðingar sem geta ýmist starfað hjá stofnunum, fyrirtækjum eða verið óháðir rannsakendur. Auk þess skipar stjórnin einn varamann sem tekur sæti þess fulltrúa sem er fjarverandi.

Stjórnin mótastefnu og tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofuna en skal einu sinni á ári gera grein fyrir



Úr myndasafni. Ljós. Oddur Þóris

starfsemi stofnunar og skila skýrslu.

Tekna hvernar rannsóknastofu er aflag með rannsóknafé úr rannsóknasjóðum og öðru því styrktarfé sem rannsakendur afla sjálfir.

Það helsta í blaðinu

Ritstjórnarpistill	2
Visindi á vordögum	2
Samstarfsnet sjúkrahúsa	3
Íslenskt og hollenskt samstarf	4
Samstarf við Nebraska háskóla	5
Erlendir gestir á vormisseri	6

Ný stjórn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði

Kosin hefur verið ný stjórn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala. Kjörtímabil hennar er tvö ár eða fram að áramótum 2009/2010.

Úr stjórn gengu: Herdís Sveinsdóttir prófessor sem gegndi

formannsstöðu og Hrund Sch. Thorsteinsson sviðsstjóri á Landspítala (LSH).

Eru þeim þökkuð farsæl og óeigingjörn störf í þágu stofnunarinnar.

Nýja stjórn skipa: Prófessor Erla Kolbrún Svavarsdóttir

formaður, Helga Bragadóttir lektor og Lilja Stefánsdóttir sviðsstjóri á LSH.

Stjórnarfundir sitja einnig Helga Gottfreðsdóttir lektor og Hildur Friðriksdóttir forstöðumaður RSH.

Ritstjórnarpistill



Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor og formaður stjórnar RSH

Hjúkrun og heilbrigðisvísindi er yfirskrift ársfundar rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði (RSH) að þessu sinni, en vísindaiðkun og hagnýting rannsóknaniðurstaðna á klíniskum vettvangi hefur lengi átt hug íslenskra hjúkrunarfræðinga. Þessari yfirskrift ber sérstaklega að fagna nú, þar sem árangur af starfsemi RSH má glöggst greina í vísindasamfélagi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra.

Áratugur er liðinn frá því að RSH var stofnuð við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands (síðar Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við HÍ og Landspítala) en á þessum tíma hafa opinber erindi á vegum stofnunarinnar, málstofur, vinnusmiðjur, útgáfustarfsemi, fræðsla, þjónusta og ráðgjöf

„Ákvörðun um skiladag á útdráttum og veggspjöldum fyrir Vísindi á vordögum hefur ekki verið tekin“

Vísindi á vordögum LSH verða 30. apríl

Vísindi á vordögum er árleg uppskeruhátíð vísinda á Landspítala. Árangur af vísindastarfi og markverðar vísindaniðurstöður verða kynnt fyrir starfsfólki spítalans, fræðimönnum og almenningi. Einnig eru af-

fest sig í sessi í hjúkrunar- og ljósmæðrasamfélaginu. Því má segja að tilurð RSH hafi verið lyftistöng fyrir hjúkrunarvísindin í landinu.

Í byrjun nýs árs urðu stjórnarskipti í stjórn RSH. Núverandi stjórn tók við öflugu og farsælu starfi af fráfarandi stjórn og eru henni færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf undanfarin ár við eflingu starfsemi RSH.

Um leið og nýir stjórnarmeðlimir eru boðnir velkomnir til starfa er ánægjulegt að geta þess að þeir hafa nú þegar sýnt metnað sinn í að vinna að áframhaldandi uppbyggingar- og þróunarstarfi RSH m.a. með því að samþykkja nýjar starfsreglur um skipan faglegra sjálfstæðra rannsóknstofa innan RSH, skipulagt ýmsa atburði á vormisseri 2008, ákveðið að

koma á laggirnar hádegisverðarfundum meðal fastra kennara og forstöðumanna fræðasviða um rannsóknir, auk þess að taka þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og ráðstefnum.

Framundan eru áhugaverðir tímar varðandi frekari þróun RSH þar sem ákveðið hefur verið að um mitt þetta ár verði stofnað sameiginlegt svið heilbrigðisvísindadeilda innan Háskóla Íslands. Stjórn RSH mun ekki láta sitt eftir liggja um áframhaldandi eflingu hjúkrunarrannsóknna í landinu.

Hvet ég þig, lesandi góður, til að kynna þér heimasíðu RSH www.rsh.hi.is og þau málefni sem stofnunin stendur fyrir.

Með ósk um ánægjulegt samstarf.

hentir styrkir úr Vísindasjóði LSH. Sömuleiðis er haldin veggspjaldasýning í K-byggingu LSH þar sem vísindamenn spítalans kynna niðurstöður rannsókna sinna. Að þessu sinni verður vísindadagurinn

30. apríl 2008 og hefst með opnun veggspjaldasýningar í K-byggingu í hádeginu. Formleg dagskrá hefst síðan kl. 13 í Hringisal og stendur til kl. 16. Veggspjaldasýningin verður síðan opin í tvær vikur.

Kennarar hjúkrunarfræðideildar í fjölbreyttu erlendu samstarfi

Kennarar hjúkrunarfræðideildar HÍ eru í fjölbreyttu erlendu samstarfi. Á bls. 3 má lesa nánar um þrjú af þeim verkefnum sem um ræðir.

Dæmi um önnur verkefni er samvinna Sóleyjar Bender deildarforseta, Reynis Tómasar Geirssonar læknis og Elise Kosunen í Finnlandi um rannsókn á kynhegðun og kynheilbrigðisþjónustu unglunga. Auk þess eru Sóley

og Dagmar Guðjónsdóttir í samstarfi við David Schmitt við Bradley University í Bandaríkjunum.

Prófessor Marga Thome er í samstarfsverkefni við Sesselju Guðmundsdóttur og Stefaníu Arnardóttur hjúkrunarfræðinga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Unni Þormóðsdóttur hjúkrunarfræðing hjá Heilsugæslunni á Selfossi um mat á innleiðingu Solihull App-

roach í ung- og smábarnavernd. Þetta verkefni er einnig í samvinnu við stofnanir í Bretlandi og Rússlandi.

Þá má nefna að prófessorarnir Rúnar Vilhjálmsson og Guðrún Kristjánsdóttir eru í samstarfsverkefni við rannsakendur við University of North Carolina og University of South Carolina í Bandaríkjunum um líkamsmynd og líkamsfrávik unglunga.

Samstarfsnet norrænna háskólasjúkrahúsa að styrkjast

Fyrsta stjórn Samstarfsnets norrænna háskólasjúkrahúsa eða Nordic University Hospital Research Conference (NRC) var kjörin vorið 2007, en netið á rætur sínar að rekja til ársins 2006 að áhugasamur hópur vann að undirbúningi þessa máls.

Sigrún Gunnarsdóttir lektor við hjúkrunarfræðideild HÍ var tilnefnd í stjórn af Íslands hálfu.

Tilgangur með NRC er að skapa vettvang fyrir öflugt samstarf um rannsóknir, þar með talið skipulag rannsókna og öflun fjár fyrir rannsakendur

og stjórnendur í heilbrigðisvísindum. Meginmarkmiðið er að auka gæði rannsókna.

Sigrún segir að samstarfið lofi góðu og fram að þessu hafi það verið í formi samræðu og kynninga á ráðstefnunum. Í vor verður haldin þriðja ráðstefnan og hefur kynning verið send starfsfólki innan LSH og HÍ.

Ráðstefnan í ár ber yfirskriftina: *The dedicated researcher – how to organise, collaborate and succeed in medical research.*

Sigrún segir að á ráðstefnunum hafi fulltrúar sjúkrahúsa og

háskóla kynnt skipulag og framkvæmd vísindastarfs.

„Ljóst er að löndin eiga margt sameiginlegt varðandi verkefni sem snúa að rannsóknum. Margt er líkt með því sem snýr að tækifærum og hindrunum í því sambandi. Vonir standa til að út frá ráðstefnunum verði til raunverulegt samstarf m.a. um skipulag rannsóknarverkefna, öflun styrkja og fleira.“

Allar upplýsingar um ráðstefnuna má finna á: http://nrc.innovest.no/conference/nrc_2008/1st_announcement



Fundur í stjórn Nordic University Hospital. Sigrún Gunnarsdóttir er lengst til hægri.

Hjúkrunarfræðingar á Íslandi og í Hollandi í samstarfi

Póra B. Hafsteinsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs endurhæfingarráðgjafar hjúkrunar starfar einnig við University Medical Center Utrecht og háskólann í Utrecht Hollandi. Hún er verk-efnisstjóri samvinnuverkefnis milli Íslands og Hollands sem felst í þróun hjúkrunar- og endurhæfingarráðgjafar fyrir sjúklinga með heilablóðfall.

Flestir þeirra sem koma að verkefninu eru í framhaldsnámi á Íslandi eða í Hollandi.

Hjúkrunarfræðingar á taugaendurhæfingardeild Grensáss, taugalækningadeild LSH og heiliasviðs UMC Utrecht hafa skrifað leiðbeiningarkafila um líkamlega, sálræna og félagslega þætti hjúkrunar þessa sjúklingahóps.

Á LSH hafa þær Marianne Klinke og Svanhildur Sigurjónsdóttir unnið kafla um næringu og vannæringu og kafla um kynlíf eftir heilablóðfall. Dórothea Bergs hefur skrifað um vökvaskort og Katrín Björgvins-

dóttir um kyngingarerfiðleika.

Í Hollandi hefur Marijke Rensink skrifað kafla um hreyfingu, byltur o.fl., Janneke de Man um þunglyndi, Floor Goo-skens um mælitæki, Irina Uitewaal um tjáskipti og Martine Vergunst um fræðslu til sjúklinga.

Vinnuhópur mun vinna áfram að rannsóknum og verkefnum sem og birtingu greina í tengslum við verkefni þetta.

Verkefninu lýkur á þessu ári.

„Vinnuhópur mun vinna áfram að rannsóknum og verkefnum auk birtingum greina í tengslum við þetta verkefni“

Samstarf við Nebraska Háskóla í Bandaríkjunum

Helga Lára Helgadóttir lektor í barnahjúkrun við Háskóla Íslands og Margaret Wilson Rannsóknin varð síðan dósent í hjúkrunarfræði við Nebraska háskóla í Bandaríkjunum hafa verið í rannsóknarsamstarfi í um 10 ár. Margaret var leiðbeinandi Helgu Láru í meistaranámi hennar. Árið 1998 lögðu þær drög að rannsókn á undarfari og verkjum hjá 3–7 ára börnum eftir hálskirtlatöku hér á landi.

Ári síðar var rannsóknin gerð

og tóku um 70 börn og foreldrar þeirra þátt. Rannsóknin varð síðan grunnur að doktorsrannsókn Helgu Láru og var Margaret aðalleiðbeinandi hennar þar. Doktorsrannsókn Helgu Láru var um áhrif fræðslu til foreldra um verkjameðferð hjá börnum eftir hálskirtlatöku.

Eftir að Helga Lára útskrifaðist sl. vor ákváðu þær að halda áfram með rannsóknina þar til að tilskilinn fjöldi þátttakenda fengist. Rannsóknin er með

tilraunasniði. Foreldrum 3–7 ára barna sem fara í hálskirtlatöku á Landspítala í Fossvogi er skipað af handahófi í annan af tveimur hópum. Foreldrar fá annan af tveimur bæklingum um verkjameðferð og eru fræddir munnlega um verkjameðferð fyrir aðgerð. Foreldrar fá dagbók til að skrá m.a. styrkleika verkja, verkjahegðun og notkun verkjalyfja.

Vonast er til að rannsókninni ljúki innan nokkurra vikna.



Ljósm: www.USDA.gov



Helga Lára Helgadóttir (t.v.) ásamt Margaret E. Wilson.